

Kæri starfsmaður

Leikskólinn notar kannanir Skólapulsiins til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja starfsmenn í leikskólanum um: **líðan í starfi, starfsanda, daglegt starf, starfshætti, samstarf og samskipti, starfsþróun, símenntun, stjórnun og forystu.**

Þetta bréf er sent til að upplýsa þig um fyrirhugaða gagnasöfnun leikskólans. Könnunin fer fram í febrúar og leikskólinn fær heildarniðurstöður með samanburði við landið í heild í byrjun mars. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsfólki Skólapulsiins til að framkvæma tölfræðigreiningar m.a. fyrir ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á starfi leikskólastarfsfólks á landsvísu.

Vinnsla könnunarinnar uppfyllir skilyrði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og er í samræmi við GDPR reglugerð Evrópuþingsins. Fjórar leiðir hafa verið þróaðar í því skyni:

- ✓ **Öllum persónuupplýsingum er eytt áður en svörum hefst** nema að svarandi biðji sérstaklega um að vera minntur á ef hann gleymir að ljúka könnuninni. Í slíkum tilfellum er persónuupplýsingum sjálfkrafa eytt strax að lokinni svörun.
- ✓ **Allar skeytasendingar eru dulkóðaðar (https:)** sem dregur úr líkum á því að hægt sé að hlera svörun um leið og hún á sér stað.
- ✓ **Opin svör eru vistuð aðskilin frá öðrum svörum könnunarinnar** sem kemur í veg fyrir að upplýsingar sem koma fram í opnu svari geti á nokkurn hátt verið tengdar svörum við fjölvalsspurningum í könnuninni.
- ✓ **Notkun á vefkökum er takmörkuð**, sjá nánar á www.visar.is undir *Persónuverndarstefna*.

Visar rannsóknir, sem sér um framkvæmd könnunarinnar, er meðlimur ESOMAR, alþjóðasamtaka rannsóknafyrirtækja og vinna samkvæmt siðareglum þeirra. Nánari upplýsingar um öryggisráðstafanir má finna í persónuverndarstefnu á www.visar.is. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir með því að senda póst á personuvernd@visar.is.

Ef þú er mótfallin því að eiga möguleika á að svara könnuninni, vinsamlegast hafðu samband við skrifstofu skólans. Nánari upplýsingar um könnunina eru á www.skolapulsinn.is/um. Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapulsiins í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is.